

Fulltrúaráðsfundur

25. apríl 2012 kl.20:00

í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 12. apríl sl.

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema: Am. cocker spanieldeild, Ensk cocker spanieldeild boðaði forföll, P.M.F- deild, St. Bernharðsdeild, Svæðafélag Norðurlands, Terrierdeild, Yorkshire terrierdeild,

Alls 35 félagsmenn.

Dagskrá:

1. Stefnumótunarteymi kynnir bæklinginn “Sámur komdu...”.
2. „Til hamingju með hvolpinn“ - Kynning á DVD disk.
3. Umræður um hundahald í þjóðfélaginu
4. Önnur mál

Bæklingurinn „Sámur, komdu...“ kynntur

Súsanna Antonsdóttir og Björn Ólafsson fulltrúar stjórnar úr stefnumótunarteyminu kynna bæklinginn „Sámur, komdu...“ sem er kominn út.

Súsanna talar um að teymið hafi farið í gegnum niðurstöður stefnumótunardagsins sem var á dagskrá á síðasta ári og helsta niðurstaða dagsins var vöntun á fræðslu þannig að ákveðið var að hafa það sem fyrsta mál á dagskrá teymisins. Í teyminu eru ásamt Súsönnu og Birni: Arnheiður, Hafrún, Vordís og Soffía. Aðrir sem skráðu sig í teymið mættu sjaldan eða aldrei á fundi. Bæklingar frá Sviss eru notaðir sem eru gefins til þýðingar og megum við gefa þá alla út. Í Sviss er þarlent „MAST“ sem sér um útgáfu bæklingins (styrkir útgáfu hans). Erfitt var að fá styrki en styrkir frá þremur aðilum voru:

Tryggur – hagsmunafélag hundeigenda

Styrktarsjóður Emilíu Sigursteinsdóttur

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar sem ætla að kaupa bæklinga af okkur en máttu ekki styrkja okkur beint.

10.000 eintök prentuð á 320.000 kr.

Margir fundir með Reykjavíkurborg varðandi nýtingu fræðsluefnisins – fengum samþykki fyrir því að fara með bæklinginn á leikskólana og á frístundaheimilin. Einnig var talað við Húsdýragarðinn og samþykkt að jafnvel einn dagur í viku yrði lofaður okkur til að koma fræðslunni á framfæri. Þá geta hópar jafnvel pantað fræðslu. Síðustu helgi kynntum við bæklinginn í Húsdýragarðinum – reyndum að koma þessu á framfæri í sem flestum fjölmiðlum til að vekja athygli á þessu. Viðbrögðin voru virkilega góð og gekk helgin mjög vel. Nú þegar

hefur einn leikskóli beðið um fræðslu og hunda í heimsókn! Einnig hefur borist beiðni frá leikskóla í Borgarnesi. Spurning frá fundarmönnum varðandi hundana sem eru notaðir í þetta starf. Þeir verða að vera pottþéttir gagnvart öðrum hundum og að sjálfsögðu börnum.

Nú er verið að funda með Soffíu Pálsdóttur hjá Reykjavíkurborg til að skipuleggja nánari fræðslu. Hugmynd kom frá fundarmanni um að reyna að gera þetta sérstaklega þessa dagana þar sem útikennsla er mikil.

Bæklingar sem eru næstir á dagskrá:

Hræðsla við hunda – hvað geri ég þegar ég mæti hundi úti á götu o.s.frv. Einblöðungur.

Mig langar í hund.

Hvolpar.

Til hamingju með hvolpinn! DVD diskur

Styrkur frá VÍS – ca milljón sem kostaði að koma þessum disk út.

3000 eintök í byrjun og ætlunin er að afhenda hann með ættbókum fyrir þá sem eru að fá hvolp í fyrsta skipti. 3 vikur þar til hann verður tilbúinn. Sýndir kaflar úr DVD disknum á sænsku.

Á næstunni eru sunnlenskir sveitadagar. Guðríður og Anna úr stjórn HRFÍ ætla að kynna bæklinginn. Jóhanna Reykjalin á Reyðarfirði ætlar að sjá um þetta á Austfjörðum.

Kallað eftir hugmyndum frá fundarmönnum ef einhverjar eru.

Umræða um hundahald í þjóðfélaginu – neikvæð/jákvæð

Hvað getum við gert?

- Vekja athygli á því jákvæða
- Vera sýnileg með jákvæða viðburði
- Reyna að snúa umræðunni upp á hundeigendur – nóg af skussum í samfélaginu og vekja athygli fólks á því að skussarnir eru til og hinir eru mun fleiri
- Hver og einn verður að taka ábyrgð á sinni tegund – verður að snúa umræðunni og fræða fólk um mismunandi eiginleika hunda
- Hundaskíturinn! Spurning um að skipuleggja skítatísludag – fólk virðist endalaust geta talað um hundaskít! Auglýsa svona skítatísludaga!
- Lausaganga hunda
- Víðidalur – lausaganga hunda er vandamál þar
- Það kemur ekki málinu við að hundurinn er góður eða ekki – lausaganga hunda er BÖNNUÐ! Verðum að fara sjálf eftir þessu
- Þora að ræða um það jákvæða – reyna að hvetja frekar en letja
- Reyna að fá almannatengil til að sjá um þessa hluti
- Hundufréttir (ýmislegt hundatengt – viðtöl o.s.frv.)

Allir fundarmenn eiga að fara til sinna deilda og vekja athygli á þessu. Verðum að reyna að gera eitthvað í þessu öllu saman. Við getum snúið þessu við saman!

Önnur mál:

Athugasemd frá fundarmanni: Auglýsa fulltrúaráðsfundinn á vefsíðu HRFÍ.

Athugasemd frá fundarmanni: Hefði mátt sleppa „forða hundsbiti“ í fréttatilkynningunni og hafa aðallega „kenna börnum að umgangast hunda“.

Smáhundadeild hefur verið með aðstöðu á Korputorgi og boðið börnum að koma. Alls kyns fræðsla varðandi hunda og hundahald. Þessir viðburðir eru einu sinni í mánuði. Liður í forvarnarstarfi.

Hundasýning 2. og 3. júní

Ekkert húsnæði fundið enn. Þrír staðir í skoðun í Reykjavík, Garðabæ og Keflavík. Nú þegar búið að taka einn út sem er í Keflavík.

Deildir sem eiga að aðstoða – ekki ákveðið hve marga þarf til að aðstoða. Fer eftir húsnæði.

DÍF

Írsk setterdeild

Retrieverdeild

Tíbet spanieldeild

Súlurit sýnt með þróun skráninga á sýningar frá 2005-2012. Ekki jákvæð þróun. Mikill samdráttur sem við verðum að reyna að bregðast við. Stundum þyrfti jafnvel að afboða dómara. 50 hundar á dómara er MJÖG lítið.

Dómaramenntun: 3 dómaramenningar sem tóku próf sem asperantar (dómaraefni). Þeir skrifa sjálfir umsögn núna þegar þeir vinna með dómara á sýningum og það tekur alltaf tíma.

Ef skráningin verður ekki meiri en 560 skráningar þá þarf ekki fleiri en 4 dómara. Valgerður kynnir húsnæðið í Keflavík. Stórt og rúmgott svæði – nóg af bílastæðum.

Augnskoðun tengd sýningunni – Jens Knudsen kemur og skoðar. Höfum ekki enn auglýst því staðsetningin er óljós.

Aðalfundur 23. maí á Grand hótél kl. 20. Þeir sem búa úti á landi geta hlustað á fundinn í gegnum fjarskiptabúnað. Ekki hægt að bjóða upp á kosningu. Hugsanlega verður sérfundur á Akureyri eins og á síðasta ári þar sem félagsmenn geta kosið. Þorsteinn Þorbergsson sér um fjarfundarbúnaðinn.

Björn: Dýrara fyrir okkur að keyra til Keflavíkur. Ódýrara fyrir okkur að taka á móti dómurum og margt sem er ódýrara.

Valgerður: Þegar deildir hafa fengið húsnæðið lánað hefur stundum komið fyrir að öryggiskerfið fer í gang. Útkallið kostar félagið mjög mikið og ef kerfið fer í gang þá þarf deildin að borga ef verður af útkalli. Best er að hringja strax í fyrirtækið og láta vita að þetta hafi verið mistök. Þeir hringja í starfsmenn sem staðfesta veru félagsmanna. Ef þetta er gert þarf ekki að borga fyrir útkall.

Hafa leiðbeiningar varðandi öryggiskerfið þannig að allt sé á hreinu fyrir alla.

Auður Valgeirsdóttir: Tölvukerfi félagsins: er í prufukeyrslu. Vitum ekki hve langt er í að það komist í gang. Þeir segja að þetta sé 90% komið.

Pétur Alan Guðmundsson: Væri sniðugt að tala við fyrirtækið Valitor til að tryggja öruggar kreditkortafærslur.

Klara Símonardóttir: Getur verið flókið. Ekki er hægt að tékka á félagsaðild og afslætti varðandi 3. hund. Meiri vinna fyrir skrifstofu og ekki neinn tímasparnaður.

Valgerður: Núna er þetta afgreitt strax og kreditkortanúmerin eru hvergi skrifuð. Fyrsta skrefið sem verður prufukeyrt í tölvukerfinu eru ættbókarskráningar. Áhættusamt að prufukeyra skráningar á sýningu fyrst ef eitthvað kemur upp á.

Guðmundur Guðmundsson: Spyr hvort reikningar eru sendir fyrir hverja skráningu. Því er svarað að reikningar eru sendir til eigenda á pdf.formi. Klara segir að nauðsynlegt sé að HRFÍ sé með rétt netfang.

Íris: Fækkun á skráningum – hefur stjórn tekið afstöðu til deildasýninga fyrir næsta ár?
Jóna: Nei, það hefur ekki enn verið gert.

Pétur: Hefði viljað sjá frambjóðendur á þessum fundi að kynna sig. Spyr um aðgang að félagatali. Félagatali hefur alltaf verið hafnað af HRFÍ.

Ef stjórnir fá þetta í hendurnar, af hverju fá frambjóðendur ekki aðgang að þessu?

Bréf Ólafs til Persónuverndar: spurningar um rétt hans varðandi aðgang að félagatali. Neitað af hálfu félagsins með vísun til laga. Stjórn HRFÍ afhendir deildum þetta á hverju ári, lista með nöfnum félagsmanna ásamt öðrum upplýsingum. En það er ekki allt félagatalið.

Bréf frá Persónuvernd til Ólafs: Hagsmunamat nauðsynlegt og skoða þarf eðli upplýsinga og tilganginn þar sem upplýsingarnar eru notaðar. Skoða þarf samþykktir og reglur viðkomandi félags.

Pétur: Ekkert í lögum félagsins sem bannar afhendingu félagatals.

Í mörgum félögum er félagatal afhent til frambjóðenda, t.d. 4x4 félaginu.

Súsanna: Finnst skrýtið miðað við það sem hún hefur stúderað að slík gögn megi afhenda. Það er ekki val félagsmanna hvort nafn þeirra sé í félagatali.

Jóna: Ekki réttar upplýsingar í bréfi Ólafs til Persónuverndar þar sem hann segir að deildir fái afhentan lista félagsmanna (ekki bara meðlima deildanna). Við könnum þetta.

Anna (grefil-og sporhundadeild): Má ekki afhenda félagatal. Þetta gerðist í síðustu alþingiskosningum og var mikið mál. Formenn deildanna fá afhenda lista varðandi félaga deildanna.

Súsanna: Spurning um að frambjóðendur hafi samband við deildirnar og kynni sig.

Aðalbjörg: Tillaga varðandi fundarstjórn á aðalfundi. Er ekki hægt að splæsa í fundarstjóra og fundarritara?

Jóna: Við erum komin með lögfræðing sem mun taka þetta að sér á næsta aðalfundi.

Pétur: Sniðugt að nota póstlista HRFÍ til að senda út kynningu um frambjóðendur.

Jóna: Búið fyrir löngu síðan að senda út slíkan póst á póstlistann.

Pétur: Sniðugt að nota heimasíðuna og óska eftir að fólk skrái sig á póstlistann og láti vita um breytingar á netfangi.

Brynja: Hafið þið hugmynd um hvenær tölvukerfið verði komið í gang?

Jóna: Vitum það ekki alveg. Annar aðilinn er að gera þetta í sjálfboðavinnu. Þeir gefa sér tíma í þetta til 30. maí.

Guðmundur: Varðandi framboðin. Ekki alveg rétt hvað kemur fram í framboðskynningunni.

Vantar að segja bæði að framboð er í aðal-og varastjórn.

Valgerður: Allir frambjóðendur bjóða sig fram bæði í aðal og líka í vara.

Pétur: Bendir deildum á að á FCI síðunni er hægt að skrá sig á póstlista. Í dag kom póstur frá FCI þar sem grein er um Ísland. Um að gera að segja félagsmönnum frá þessu. Þarna er líka hægt að sjá FCI blöðin www.fci.be. Félagsmönnum er bent á að fara reglulega á vefsíðu FCI til að kynna sér hin ýmsu málefni.

Eru margar ferðir planaðar á fundi á þessu ári?

Jóna: Nei, ekki margar. Fórum ekki einu sinni síðast á NKU fund því við eigum ekki pening.

Mjög dapurlegt.

Pétur: Væri hægt að fá fundargerðir frá þessum fundum?

Valgerður: Setjum venjulega punkta í fundargerðirnar okkar.

Jóna: Reynum alltaf að setja sem mest inn.

Pétur: Væri sniðugt að senda fundargerðir á póstlistann.

María: Fundargerðir eru á tveimur stöðum og þarf að breyta þessu svo þetta sé ekki ruglingslegt.

Guðbjörg Guðmundsdóttir: Deildarmeðlimur sendi inn erindi til Retrieverdeildar sem var sent til stjórnar HRFÍ því deildin gat ekki afgreitt erindið. Of miklar upplýsingar komu fram í fundargerðinni sem er ekki gott, t.d. nafn mannsins og upplýsingar ásamt bréfasamskiptum milli formanns HRFÍ og þessa manns.

Jóna: Alltaf hægt að gera mistök og hefur þetta sennilega óvart farið inn og betra að láta vita af tilfellinu.

Fundi slitið!